

Svar

**háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn
frá Steinunni Þóru Árnadóttur um stöðu námslána
hjá Menntasjóði námsmanna.**

1. *Hver er heildarupphæð þeirra ábyrgða sem enn hvíla á námslánnum hjá Menntasjóði námsmanna eftir almenna niðurfellingu þeirra árið 2020?*

Samkvæmt upplýsingum frá Menntasjóði námsmanna nam heildarupphæð ábyrgða 4 milljörðum kr.

2. *Hversu háar greiðslur fékk sjóðurinn frá ábyrgðarmönnum vegna gjaldfallinna námslána á almanaksárinu 2021?*

Samkvæmt upplýsingum frá Menntasjóði námsmanna námu greiðslur frá ábyrgðarmönnum á árinu 16.802.330 kr.

3. *Hefur verið farið í einhvers konar aðfarargerðir gagnvart ábyrgðarmönnum námslána frá því að niðurfellingin var lögfest á grundvelli skulda gagnvart sjóðnum? Ef svo er, hve margar hafa þær verið?*

Samkvæmt upplýsingum frá Menntasjóði námsmanna var farið í árangurslaust fjárnám hjá 105 ábyrgðarmönnum á árinu 2021.